

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Baldur Ingi Jónasson
Dags. 17.01.2019
Mnr. 2019010002



ÍSAFJARÐARBÆR

Undanþágur verkfallsheimilda

Árlega þurfa sveitarfélög, að höfðu samráði við viðkomandi stéttarfélög, að endurnýja lista yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verkfallsheimild með tilvísun til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stéttarfélögum var sent erindi þann 2. janúar 2019 vegna þessa. Fræðagarður gerði athugasemdir við að mannauðsstjóri yrði settur á listann þrátt fyrir rökstuðning. Ákveðið var að hafa hann því ekki á listanum að þessu sinni. Ef til verkfalls kemur verður hinsvegar horft til 20. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna þar sem fram kemur; „*Sé verkfall hafið er heimilt að kalla starfsmenn, sem eru í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi*“. Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga óskuðu rökstuðnings fyrir því að fjármálastjóri og deildarstjóri launadeildar væru á listanum. Fljótlega eftir að rökstuðningur var sendur til félagsins, barst svar þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við að þessi störf væru á undanþágulista. Önnur stéttarfélög gerðu ekki athugasemdir.

Hér fyrir neðan eru drög að auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda varðandi þetta mál. Óskað er eftir staðfestingu bæjarráðs á auglýsingunni.

AUGLÝSING

**um skrár (lista) Ísafjarðarbæjar skv. 5.-8. mgr. 19.gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamning opinberra starfsmanna.**

Lagt fyrir bæjarráð 21. janúar 2018 til samþykktar að viðhöfðu samráði við öll hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-7. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Bæjarstjóri	1 staða
Bæjarritari/sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs	1 staða
Sviðsstjóri velferðarsviðs	1 staða
Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs	1 staða
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs	1 staða
Fjármálastjóri	1 staða
Deildarstjóri launadeildar	1 staða
Launafulltrúi	1,5 staða
Forstöðumaður íþróttamannvirkja á Þingeyri	1 staða

Skólastjórar grunnskóla	4 stöður
Aðstoðarskólastjóri	1 staða
Leikskólastjórar	2 stöður
Aðstoðarleikskólastjóri	1 staða
Hafnarstjóri	1 staða
Slökkviliðsstjóri	1 staða
Aðstoðarslökkviliðsstjóri	1 staða
Forstöðumaður safnahúss	1 staða
Umsjónarmaður fasteigna Ísafjarðar	1 staða
Umsjónarmaður eignasjóðs	1 staða

II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Varðstjóri slökkviliðs	1 staða
Forstöðumaður á Hlíf	1 staða
Forstöðumaður sólarhringsþjónustu að Sindragötu og Fjarðarstræti	1 staða
Forstöðumaður sólarhringsþjónustu að Pollgötu 4 og skammtímvistunar	1 staða
Forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu	1 staða
Hópstjóri heimaþjónustu	1 staða
Starfsmaður á dagdeild aldraðra Ísafirði	1 staða
Starfsmenn sólarhringsþjónustu Pollgötu, Fjarðarstræti og Sindragötu	Öll stöðugildi. Miðað er við lágmarksmönnun á hverju heimili.
Starfsmenn stuðningsþjónustu	Öll stöðugildi. Miðað er við lágmarksmönnun.